

Ár 1973, þriðjudaginn 13. mars, var kveðinn upp af Viðirfasteignanatsnefnd eftirfarandi úrskurður í málinu nr. 28/1973, sem fjallar um skyldu Landsvirkjunar til að greiða fasteignaskatt af vatnaréttindum fyrirtækisins í Sogi og Djórsá.

Með bréfi, dags. 29. nóvember 1973, hefur Landsvirkjun óskað eftir því, " að vatnaréttindi fyrirtækisins, bæði í Sogi og Djórsá, verði tekin út úr umræddu fasteignamati svo að samræming megi verða á álagningu fasteignagjalda á Landsvirkjun við greiðsluskyldu fyrirtækisins, eins og hún er mörkuð í fyrrnefndri 16. gr. laga um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965 ".

Í aðalmati fasteigna eru vatnaréttindi Landsvirkjunar í Sogi tekin í fasteignaskrá fyrir Grímsneshrepp og einnig í fasteignaskrá fyrir Gráfningshrepp og mótin á 3 milj. króna í hvorri skrá. Sömuleiðis voru vatnaréttindi fyrirtækisins í Djórsá tekin í fasteignaskrá fyrir Gnúpverjahrepp og mótin þar á 1 milj. króna. Hreppnefndir þessara hreppa lögðu fasteignaskatt á vatnaréttindi þessi til sveitarfélöðs, en þeirri skattlagningu vill Landsvirkjun eigi una. Verður að sjáfa ofangreint bréf fyrirtækisins á þá leið, að í senn sé farið íran á, að vatnaréttindin séu felld af fasteignaskrá og að staðfest verði, að fyrirtækinu sé ekki skylt að innna af hondi fasteignaskatt af réttindum þessum.

Sankvæmt framansögðu liggur aðeins fyrir að úrskurða, hvernig fara eigi um skráningu umræddra vatnaréttinda og um skyldu Landsvirkjunar til að svara fasteignaskatti af þeim.

Telja verður rétt, að umrædd vatnaréttindi séu skráð í fasteignamati, sbr. viðbendingu um það í 4. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 301/1969 um Fasteignamat og fasteignaskráningu, enda eiga ekki við undanþágufákvæði í 11. gr. laga nr. 28/1963 né 2. gr. reglugerðar nr. 301/1969 um fasteignamat og fasteignaskráningu. Þessar þá aðeins ták atvagnar, hvort Landsvirkjun sé skylt að svara fasteignaskatti af neðndum réttindum. Að vísu er það neginregla 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélöga, að greiða skuli fasteignaskatt af fasteignaréttindum, sem mótin eru í fasteignamati, og ekki eiga undanþágufákvæði 5. gr. þeirra laga hér heldur við. Á hinn bóginn verður ekki talið, að með lögum þessum, sem setja almennar reglur um fasteignaskatt til sveitarfélöga, hafi verið tilætluin að hægja við undanþágum einstakra nafngreindra fyrirtækja sankvæmt sérstökum lögum, þótt eldri séu en tekjustofnalögin.

10. gr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun er svohljóðandi:

" Landsvirkjun er undanþegin tekjuskatti, stampilgjöldum, átavari, að-
staðvissjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sjálfstjóðs og sveitarfélöga.
Þó skal Landsvirkjun greiða sjálfstjóðum og sveitarfélögum þau opinber
gjöld, sem þeim er gert að greiða vegna húseigna Landsvirkjunar sankvæmt
öðrum lagafyrirmælum".

Saksvæmt fyrir nafni þessara greinar er Landsvirkjun undanþegin fast-
eignaskatti af vatnsréttindum sínum. Verður saksvæmt framsögðu að
líta svo á, að landsvirkjun sé eigi skylt að svara fasteignaskatti af
nefndum vatnsréttindum í Sogi og Þjórsá.

Ó B E K U A Þ A R O R Þ

Ofangreind vatnsréttindi Landsvirkjunar í Þjórsá og Sogi skulu
skrifað og metin í fasteignasæti.

Landsvirkjun er óskytt að svara fasteignaskatti af vatnsréttindum
þessum.

Gaukur Jörundsson

Torli Ásgeirsson

Dálmí Jónsson